

Fundur var haldinn í félagsmiðstöðinni Afdrep miðvikudaginn 16. janúar 2019 kl: 20:00.

Á fundinn mættu:

Sigrún Ólafsdóttir
Rán Kristinsdóttir
Daði Rúnar Einarsson
Atli Már Gunnarsson
Ása Gunnarsdóttir
Adam Geir Gústafsson

Fyrsta mál á dagskrá: Ungmennaráð

Bingó ungmennaráðs heppnaðist mjög vel. Rætt var möguleikann á að stofna sér bankabók fyrir þau. Gefur þeim tækifæri á að ráðstafa sínum fjáröflunartekjum sjálf.

Annað mál á dagskrá: Staðsetning ærslabelgja

Fjármögnun tveggja ærslabelgja var samþykkt á fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2019. Rætt var um bestu mögulegu staðsetningu þeirra. Allir sammála um að hafa þá á grunnskólalóðinni í Ólafsvík og á Hellissandi. Ef ekki er hægt að koma ærslabelg fyrir á lóð grunnskólans í Ólafsvík þá er mögulega hægt að hafa hann á Sáinu eða fyrir neðan heilsugæsluna. Þá væri líka hægt að hafa mínigolf og frísbíggolf á sama svæði.

Þriðja mál á dagskrá: Heilsuvikan

Stefnt á að hafa Heilsuvikuna í ár þann 8 til 15. mars. Byrjað að skipuleggja heilsuvikuna og margar hugmyndir ræddar. Talað um að hafa fjölbreytileg námskeið og fyrirlestra. Einnig rætt um að reyna að fá veitingstaði og verslanir í bæjarfélaginu til að taka virkan þátt í ár.

Önnur mál á dagskrá:

Sirkus Íslands sendi tölvupóst um að fá að vera með sirkushátíð í bænum í ágúst. Mikill áhugi fyrir því að skoða það betur og fá nánari upplýsingar frá þeim um hvernig þetta fer fram.

Fundi slitið kl 21:30